

Nd.

**506. Frumvarp**

til laga um bann gegn laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Nikulásarkeri í Norðurá er bönnuð laxveiði, önnur en stangaveiði.

2. gr.

Greiða skal Stafholtspresti fullar bætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 1. gr., eflir mati dómkvaddra manna, og skulu bæturnar vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll.

Laxveiðifjelag Norðurár greiðir bæturnar, en sýslumaður innheimtir á manntalsþingi.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, frá 100—1000 kr., er renna í rikissjóð, og skulu mál út af brotum rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en koma þó ekki til framkvæmda fyr en laxveiðifjlagið er löglega stofnað, enda svo ákveðið í lögum þess, að fjelagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn að standa skil á bótunum.